



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Ársskýrsla

2017-2018

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Starfstími skólans	5
Starfmannahald.....	5
Stjórnendur	5
Starfsmenn - stöðugildi	5
Nemendafjöldi.....	5
Annað skipulag	6
Skólaráð.....	6
Félagsstörf nemenda.....	6
Stoðþjónusta - stuðningsúrræði.....	6
Sérkennsla	6
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	7
Sálfræðiþjónusta	7
Kennslu- og námsráðgjöf.....	7
Talmeinafræðingur.....	7
Nemendaverndarráð	8
Heilsugæsla	8
Regnbogaland - heilsdagsskóli	8
Bekkjarkvöld.....	9
Ferðalög nemenda	9
Ferð í Búðardal	9
Menningarferð til Reykjavíkur.....	10
Skíðaferð	10
Skólabúðir	10
Danmerkurferð.....	10
Skólanámskrá	10
Samstarf	10
Samstarf heimila og skóla	10
Foreldrafélag	11
Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi.....	11

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms	11
Samstarf við aðra skóla	11
Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi.....	12
Samstarf við Fjölbrautaskóla Snæfellinga	12
Valgreinar	13
Samræmd könnunarpróf.....	14
Endurmenntun	14
Námskeið.....	14
Nýbreytni í starfi.....	15
Sköpun.....	15
Vinnustaðaval.....	15
Verkefnastjórn í upplýsingatækni	15
Áttthagafræði	15
Nýtt námsmat	15
Eineltisáætlanir	16
Fylgiskjal 1	17
Fylgiskjal 2	18
Fylgiskjöl.....	16
Fylgiskjal 1 – skóladagatal 2017-2018	16
Fylgiskjal 2 – skóladagatal 2018-2019	17

Inngangur

Hér má líta ársskýrslu Grunnskólans í Stykkishólmi. Með skýrslunni er ætlunin að setja fram allar helstu upplýsingar varðandi skólastarfið á nýliðnu skólaári. Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Stykkishólmabæjar. Að sama skapi verður ekki fjallað um sjálfsmat heldur vísað í sjálfsmatsskýrslu skólans á heimasíðu.

Vel gengur að manna skólann með réttindakennurum. Mikið hefur verið um fæðingarorlof í vetur og hefur gengið ótrúlega vel að leysa það. Grunnskólann í Stykkishólmi vantar tilfinnanlega sérkennara og/eða þrosakþjálfva. Undanfarin ár hefur verið auglýst en því miður með litlum árangri.

Nýjungar í skólastarfinu í vetur hafa verið til dæmis sköpun sem við köllum svo. Nemendur í 1. - 4. bekk hafa endað síðustu tvo tímuna á föstudögum í allskonar skapandi verkefnum. Nemendur vinna í ákveðnu þema í nokkrar vikur út frá eigin sköpunarhugmyndum. Þetta hefur eflt frumkvæði og skapandi hugsunarhátt ásamt því að efla hæfni þeirra. Sem dæmi um þemu eru eldur/ís, tækni og tilraunir og í lok skólaársins var endað á því að smíða alls kyns útileikföng, kofa og búin til margskonar spil svo eitthvað sé nefnt. Þá setti hópurinn upp leikritið Blái hnötturinn fyrir árshátíð skólans ásamt fjölbreyttum smáatriðum.

Þá höfum við verið í samstarfi við fyrirtæki í bænum staðið fyrir svokölluðu vinnustaðavali hjá nemendum í 8. - 10. bekk. Það hefur virkað þannig að nemendur hafa farið einn og einn á alla vinnustaði sem í boði voru og kynnst starfsemi fyrirtækjanna. Einnig höfum við unnið að þóun áttahagafræði sem er komin vel á veg. Markmiðið er að gera áætlun fyrir alla bekki til að tengja þá nærsamfélaginu með áherslu á staði, sögu og persónur.

Ákveðið var að setja á laggirnar verkefnastjóra upplýsinga- og tæknimenntar. Hann hefur starfað samhliða kennurum að eflingu tæknihæfni nemenda. Forritun og nýting forrita hefur skipað stóran sess. Þetta er spennandi þróunarverkefni sem við höldum áfram með næsta vetur.

Að lokum hefur námsmatsteymi skólans lokið vinnu við nýtt námsmat. Hæfni nemendanna er metin með fjölbreyttu námsmati og gefur færi á að taka inn þætti sem áður var erfitt að taka til greina eins og t.d. umræðuhæfni nemenda og gagnrýna og skapandi hugsun. Þetta er þó nokkur breyting sem við fögnum en hefur krafist þess að allt skólasamfélagið líti námsmat og vitnisburðargjöf nýjum augum. Það liggur því fleira undir en að færa sig úr tölustafa-einkunnum yfir í bókstafaeinkunnir. Markmiðið í framtíðinni er að gera hæfniviðmiðin meira sýnileg.

Stykkishólmi 6. júní 2018

Berglind Axelsdóttir skólastjóri

Starfstími skólans

Skólastarf hófst með undirbúningsvinnu 15. ágúst 2017 og með skólaopningu 22. ágúst.

Skólaslit voru 1. júní 2018.

Skóladagatöl áranna 2017-2018 og 2018-2019 eru í fylgiskjölum.

Starfmannahald

Stjórnendur

Við skólann starfa Berglind Axelsdóttir skólastjóri og Lilja Írena Guðnadóttir deildarstjóri almennrar kennslu.

Starfsmenn - stöðugildi

Grunnskólinn í Stykkishólmi

2 stjórnendur

18 kennarar í 17,5 stöðugildum

5 skólaliðar í Regnbogalandi í 2,5 stöðugildum

3 skólaliðar í mötuneyti, þrifum og gæslu í 3 stöðugildum

9 stuðningsfulltrúar í 5,5 stöðugildum

1 skólaritari

1 bókaforstjóri í 0,5 stöðugildi

Nemendafjöldi

Skólaárið 2017-2018 voru 165 nemendur sem röðuðust í eftirfarandi bekk:

1. bekkur	18 nemendur
2. bekkur	20 nemendur
3. bekkur	12 nemendur
4. bekkur	27 nemendur
5. bekkur	15 nemendur
6. bekkur	7 nemendur
7. bekkur	12 nemendur
8. bekkur	17 nemendur
9. bekkur	19 nemendur
10. bekkur	17 nemendur

Annað skipulag

Skólaráð

Við grunnskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráðið hittist þrisvar sinnum á ári.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Félagsstörf nemenda

Markmið félagsstarfs er að auka félagsfærni nemenda og efla samkennd.

Félagsstarf nemenda í 7. – 10. bekk Grunnskólann í Stykkishólmi er skipulagt af nemendaráði og íþróttaráði sem er lýðræðislega kosið. Hver bekkur kýs einn fulltrúa til setu í hvort ráð. Formenn beggja ráða eru kosnir að hausti. Í vetur voru formenn nemendaráðs Thelma Lind Hinriksdóttir og Védís Ýr Bergþórsdóttir. Formenn íþróttaráðs voru Benjamín Ómar Kristjánsson og Örvar Sigurðsson.

Einn stærsti viðburður vetrarins er árshátíð nemenda. Yngri nemendur halda hefðbundna árshátíð þar sem hver bekkur undirbýr atriði fyrir áhorfendur.

Nemendur í 7. - 10. bekk halda hátíðlega árshátíð með hátíðarmat og skemmtiatriðum. Ball er fyrir alla nemendur skólans, í aldursskiptum hópum.

Stoðþjónusta - stuðningsúrræði

Sérkennsla

Verkefnastjóri sérkennslu er Sesselja Kristinsdóttir.

Í Aðalnámskrá er hverjum árgangi sett markmið. Mikill munur er þó á færni og þroska nemenda innan hvers árgangs. Því er komið til móts við þarfir hvers nemanda með því að meta reglulega stöðu hans og þörf fyrir sértækan stuðning. Brynt er að greina sérþarfir nemenda sem allra fyrst á skólagöngunni til að auðvelda þeim að fylgja markmiðum námskrár.

Grunnskólinn í Stykkishólmi er skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda í samræmi við áherslur í grunnskólalögum. Til þess að ná

Þessum markmiðum er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlega kennsluhætti og samvinnu nemenda.

Í sérkennslu sem og öllu starfi Grunnskólans í Stykkishólmi er lögð mikil áhersla á samstarf allra þeirra sem starfa og hrærast í umhverfi nemandans. Þannig er lögð áhersla á að virkja foreldra til samvinnu um nám nemandans og innan skólans vinna umsjónarkennarar, sérkennarar og stuðningsfulltrúar saman að námsframgangi hvers nemanda.

Teymisfundir eru haldnir um það bil sex vikna fresti fyrir hvern fatlaðan nemanda við skólann. Starfsfólk Félags- og skólaþjónustunnar kemur að ýmissi ráðgjöf, m.a. við gerð markvissra þjálfunaráætlana í einstaklingsnámskrám sem miða að því að auka hæfni einstaklinga til að takast á við athafnir daglegs lífs.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) annast sérfræðiþjónustu við Grunnskólann í Stykkishólmi. Forstöðumaður er Sveinn Þór Elínbergsson.

Félags- og skólaþjónustan er með vef þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemina. Slóðin á vefinn er: <http://www.fssf.is/>

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta skólans er rekin af Félags- og skólaþjónustunni. Sálfræðingur skólans er Inga Stefánsdóttir. Kennarar og/eða foreldrar geta leitað eftir aðstoð sálfræðings. Skilyrði fyrir því að sálfræðingur taki mál til úrlausnar er að foreldri veiti samþykki sitt á sérstöku tilvísunareyðublaði. Tilvísunareyðublöð er hægt að fá hjá skólastjórnendum, verkefnisstjóra sérkennslu og skólasálfræðingi. Inga kemur hálfsmánaðarlega til okkar.

Kennslu- og námsráðgjöf

Kennslu- og námsráðgjafi skólans er Alma Sif Kristjánsdóttir og er þjónusta hennar rekin af Félags- og skólaþjónustunni.

Hlutverk kennslu- og námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna í þeim málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Ásamt viðtölum sinnir hún reglulegri fræðslu í 5.-10. bekk. Alma Sif kemur vikulega til okkar.

Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur skólans er Elmar Þórðarson og er þjónusta hennar rekin af Félags- og skólaþjónustunni. Hann kemur til okkar annan hvern mánuð.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur t.d. til barnaverndar.

Nemendaverndarráð fundaði eftir þörfum og átti fastan fundartíma í vetur á miðvikudögum. Í nemendaverndarráði sitja:

Berglind Axelsdóttir, skólastjóri

Sesselja Kristinsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari

Brynja Reynisdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Alma Sif Kristjánsdóttir, kennslu- og námsráðgjafi

Guðmunda Þórunn Ragnarsdóttir, ritari

Heilsugæsla

Heilsugæsla skólans heyrir undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Hjúkrunarfræðingur skólans er Brynja Reynisdóttir

Hjúkrunarfræðingur fylgist með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari, klæðnaði, hreinlæti og aðbúnaði í skóla. Hjúkrunarfræðingur er í samvinnu við foreldra, skólalækni, kennara og annað starfsfólk skólans. Góðar upplýsingar um barnið eru mikils virði fyrir þá sem annast kennslu þess og heilbrigðiseftirlit. Má þar nefna ef um langvinna sjúkdóma er að ræða, lyfjanotkun eða breytingar á högum barnsins. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Í vetur tóku stjórnendur og hjúkrunarfræðingur þá ákvörðun að hætta að gefa nemendum lyf. Nemendur þurfa því að hringja heim til að fá lyf, að undanteknum adrenalínspenna.

Regnbogaland - heilsdagsskóli

Í vetur var haldin nafnasamkeppni fyrir heilsdagsskólann. Nemendur gátu komið með hugmyndir að nöfnum. Kosið var á milli fimm algengustu tilaganna sem bárust og varð nafnið Regnbogaland fyrir valinu.

Lengd viðvera er í boði fyrir 1. – 4. bekk frá kl. 12:30 – 14:30 eða 12:30 - 16:00.

Matur er kl. 12:30 og síðdegishressing kl. 14:30.

Í haust voru 53 nemendur skráðir í Regnbogaland. Undir vorið voru þeir orðnir 44. Starfsmenn eru umsjónarmaður í 58% starfi, þrír skólaliðar í 56% starfi og einn skólaliði 20% starfi. Starfsfólk Heilsdagsskólans sér um að koma nemendum í íþróttastarf Snæfells og í Tónlistarskólann.

Fundað hefur verið með starfsfólki Regnbogalands eins reglulega og hægt er á föstudögum í vetur kl. 12.

Bekkjarkvöld

Umsjónarkennarar skipuleggja bekkjarkvöld með nemendum sínum. Yfirleitt er eitt bekkjarkvöld fyrir áramót og eitt eftir áramót.

Ferðalög nemenda

Á hverju skólaári fara einhverjir nemendahópar skólans í ferðalög með kennurum sínum. Tilgangur þessara ferða er meðal annars:

- ✦ að nemendur kynnist menningu þeirra staða sem farið er til
- ✦ að nemendur kynnist náttúru landsins, atvinnuháttum og menningu
- ✦ að nemendur njóti útivistar
- ✦ að nemendur njóti samveru undir leiðsögn kennara.

Nemendum ber að koma þrúðmannlega fram hvar sem þeir fara á vegum skólans og sýna háttþrýði, tillitssemi og virðingu í garð sjálfra sín, annarra nemenda og starfsfólks. Nemendur hafi ávallt í huga að þeir eru fulltrúar skólans í þeim ferðalögum sem farin eru á vegum hans.

Nemendum ber að fara að reglum á ferðalögum á sama hátt og innan skólans og hlíta fararstjórn kennara í einu og öllu.

Ferðirnar hafa stuðlað að betri samvinnu og samkennd meðal nemenda og þeir hafa kynnst á annan hátt og í öðru umhverfi en venjulega.

Nemendur sem sýnt hafa að þeir uppfylla ekki ofangreind skilyrði um hegðun í ferðalögum eða fara ekki eftir reglum skólans fyrirgera rétti sínum til að fara í ferðir á vegum hans. Gera skal þeim og foreldrum þeirra grein fyrir því með góðum fyrirvara.

Ferð í Búðardal

Í **3. bekk** er farin dagsferð inn í Búðardal þar sem Mjólkurstöðin er skoðuð. Einnig eru Eiríksstaðir í Haukadal og Erpstaðir heimsóttir.

Menningarferð til Reykjavíkur

Menningarferð er farin með nemendum í **5. bekk**. Nemendur fara til Reykjavíkur, gista eina nótt, skoða söfn, fara í leikhús/bíó og gera ýmislegt fleira sér til skemmtunar.

Skíðaferð

Nemendur í **7. bekk** hafa árlega farið í þriggja daga skíðaferð. Undanfarin ár höfum við farið til Dalvíkur en þar er mjög góð aðstaða fyrir slíkar ferðir.

Skólabúðir

Áralöng hefð er fyrir því að nemendur í **8. bekk** skólans fari í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal og dvelji þar í eina viku.

Danmerkurferð

Mikið og öflugt samstarf hefur lengi verið á milli Grunnskólans í Stykkishólmi og grunnskólanna í Kolding, vinabæ okkar í Danmörku. Hefur sú hefð haldist, svo til undantekningarlaust, frá 1995 að nemendaheimsóknir hafa verið á báða bóga. Nemendur okkar hafa tekið á móti nemendum frá Kolding, sýnt þeim bæinn og unnið ýmis verkefni með þeim, og hafa svo á móti farið til þeirra til Kolding. 10. bekkur tók á móti vinabekk sínum frá Danmörku í upphafi skólaárs og 9. bekkjar nemendur fóru til Danmerkur í maí.

Skólanámskrá

Eins og lög gera ráð fyrir er Skólanámskrá Grunnskólans í Stykkishólmi tvískipt, annars vegar starfsáætlun sem gefin er út að haust fyrir skólabyrjun og birt á heimasíðu skólans. Hins vegar er almenn stefnumörkun. Í vetur var kláruð vinna við skólanámskrá og hefur hún nú verið sett í heild sinni inn á heimasíðu skólans.

Samstarf

Samstarf heimila og skóla

Gott samstarf skólans og foreldra nemenda er mikilvægt í skólastarfinu enda er það áréttað bæði í lögum um grunnskóla og í Aðalnámskrá.

Samstarf heimila og skóla er á mörgum sviðum, s.s. samskipti og upplýsingamiðlun, heimanám og ástundun, uppeldi, hegðun og skólasókn.

Skólinn vill veita foreldrum greinagóðar upplýsingar um skólastarfið og hefur lagt sig fram um að auka upplýsingamiðlun frá skóla til foreldra. Þar má nefna t.d. „vikupósta“ stjórnenda og aukna notkun kennara á upplýsingakerfinu Námfús. Nauðsynlegt er að foreldrar þekki og styðji við faglegar áherslur skólans og treysti starfsfólki hans til að framfylgja þeim.

Af skólans hálfu eru skipulagðir foreldrafundir og foreldraviðtöl tvisvar á ári í upphafi hverrar annar. Foreldrar eru ætíð velkomnir í skólann á starftíma hans og eru hvattir til að nýta sér það og viðtalstíma starfsfólks.

Foreldrafélag

Við skólann starfar foreldrafélag. Skipulag þess er með þeim hætti að foreldrar hvers bekkjar mynda deild í félaginu. Deildirnar kjósa sér stjórnir á hverju ári og mynda fulltrúar þeirra sameiginlega stjórn foreldrafélagsins sem svo fundar mánaðarlega á starfstíma skóla.

Á vef skólans má sjá hverjir skipa stjórn foreldrafélagsins en hún er jafnan kosin á foreldrafundum í september. Þar er einnig að finna lög félagsins og fundargerðir.

Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi

Grunnskólinn í Stykkishólmi er í samstarfi við Leikskólann í Stykkishólmi. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla.

Á lokaári leikskólans koma nemendur í grunnskólann þrisvar sinnum í heimsókn.

Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann. Síðar eru tvær skiptinemaheimsóknir. Þá koma leikskólanemendur í litlum hópum inn í 1. bekk og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara út í frímínútur.

Á sama tíma fer hópur úr 1. bekk í heimsókn í leikskólann.

Í maí er öllum tilvonandi 1. bekkungum boðið upp á þriggja daga vorskóla. Nemendur mæta þá í skólann eftir hádegið og fá þá að kynnst helstu greinum skólastarfsins, hitta tilvonandi kennara sína og vinna að ýmsum spennandi verkefnum.

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms á sér langa sögu. Skólarnir deildu lengi sama húsnæði og samstarf kennara skólanna hefur oft verið náíð. Það hefur verið grunnskólanum mikill fengur að geta leitað til tónlistarkennara við ýmis tækifæri.

Fullt hljóðfæra- eða söngnám við tónlistarskólann hafa nemendur í 8. – 10. bekk getað nýtt sem valgrein við grunnskólann.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn og einstaka bekkir eiga samskipti af ýmsum toga við aðra skóla, innanlands og utan. Skólinn vill stuðla að slíkum samskiptum sem oftast eru bundin áhuga einstakra bekkja og kennara.

Það er ekki stefna skólans að samskipti sem stofnað er til með þessum hætti feli sjálfkrafa í sér ferðalög og gagnkvæmar heimsóknir. Ákvarðanir um slíkt verður að taka sameiginlega af nemendum, foreldrum og skólanum og hafa að leiðarljósi hvernig það fellur að skólastarfinu og möguleikum foreldra og nemenda og skólans til að fjármagna ferðirnar.

Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi

Samstarf grunnskólanna á norðanverðu Snæfellsnesi á sér langa sögu og hefur færst í fastari skorður með stofnun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Skólastjórar funda nokkrum sinnum á vetri og hafa með sér samráð um ýmislegt í skólastarfinu, m.a. skóladagatal og símenntun starfsfólks. Þá hafa nemendur skólanna með sér samráð um félagsstarf og önnur samskipti.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Sameiginlegir fundir grunnskólanna á Snæfellsnesi og FSN voru haldnir reglulega þar sem rætt var um námsmat og undirbúning nemenda fyrir framhaldskólanám. Einnig var rætt um framhaldsskólahermi, foreldrafundi o.fl. Þá var verkefnastjóri sérkennslu og deildarstjóri starfsbrautar í samstarfi vegna væntanlegra nemenda.

Tveir nemendur kláruðu áfanga í stærðfræði eftir áramótin.

Valgreinar

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á að auka valfrelsi nemenda og þar með ábyrgð þeirra á eigin námi. Ákveðið var að búa til þriggja ára áætlun fyrir valgreinar:

Ár A (2018-2019)

Bundið val:
Textíll
Heimilisfræði
Hönnun og smíði
Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)
Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)
Tónlistarsk.: Undirleikur (1)
Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)
Tónlistarskólinn: Kór (1)
Snæfell: Karfa (3)
Snæfell: Fótbolti (2)
Snæfell: Frjálsar (1)
Snæfell: Sund (1)
Skólahreysti/crossfit (2)
Pólska (2)
Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Heilsársval - rúllandi

Heilsdagsskólinn (1)

Hálfsársval - rúllandi

UT Miðlun (1) UT
Skrautritun (1)
Leirvinnsla (1)
Hjólreiðar (1)
DuoLingo (1)
Fatasaumur (1)
Þýska (1)

Ár B (2019-2020)

Bundið val:
Textíll
Heimilisfræði
Hönnun og smíði
Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)
Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)
Tónlistarsk.: Undirleikur (1)
Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)
Tónlistarskólinn: Kór (1)
Snæfell: Karfa (3)
Snæfell: Fótbolti (2)
Snæfell: Frjálsar (1)
Snæfell: Sund (1)
Skólahreysti/crossfit (2)
Pólska (2)
Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Heilsársval - rúllandi

Á vinnumarkaðinum (2)

Hálfsársval - rúllandi

Green screen (1)
Skák (1)
Skúlptúrgerð úr pappam. (1)
Skylmingar (1)
Réttir þjóðanna (1)
Prjón/hekl (1)
Hugarfrelsi (1)

Ár C (2020-2021)

Bundið val:
Textíll
Heimilisfræði
Hönnun og smíði
Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)
Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)
Tónlistarsk.: Undirleikur (1)
Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)
Tónlistarskólinn: Kór (1)
Snæfell: Karfa (3)
Snæfell: Fótbolti (2)
Snæfell: Frjálsar (1)
Snæfell: Sund (1)
Skólahreysti/crossfit (2)
Pólska (2)
Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Heilsársval - rúllandi

Skírnakjólagerð/bútasaumur (2)

Hálfsársval - rúllandi

UT Forritun (1)
Fluguhnýtingar (1)
Silfursmíði (1)
Íþróttufræði (1)
Hollt og gómsætt (næringafr.) (1)
Hestasport (1)
Heimspeki (1)

Samræmd könnunarpróf

Í vetur voru lögð fyrir rafræn könnunarpróf. Þau voru haldin sem hér segir:

4. bekkur

28. september – íslenska

29. september – stærðfræði

7. bekkur

21. september - íslenska

22. september - stærðfræði

9. bekkur

7. mars – íslenska

8. mars – enska

9. mars – stærðfræði

Endurmenntun

Námskeið

Innleiðing á Byrjendalæsi hófst í ágúst 2016 og hefur hún gengið samkvæmt áætlun. Leiðtogi Byrjendalæsis er Ásdís Árnadóttir.

Skólamálaþing Snæfellinga var haldið 21. ágúst og var yfirskriftin Læsi. Slík þing eru haldin annað hvert ár og eru þátttakendur af öllu Snæfellsnesi úr leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Menntabúðir Vesturlands hafa verið haldnar reglulega í allan vetur og hafa skólarnir á svæðinu skiptst á að hýsa búðirnar.

Inga Stefánsdóttir skólasálfræðingur hélt fyrirlestur um kvíða barna og ungmenna fyrir nemendur.

Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur var með fyrirlestur um sjálfsmynd fyrir allt starfsfólk.

Einar Þór Strand var með skyndhjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk skólans.

Hulda Karen Daníelsdóttir var með námskeið um tvítyngda nemendur fyrir kennara skólans.

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir var með kynningu á teymiskennslu fyrir kennara skólans.

Þess má einnig geta að tveir starfsmenn skólans stunda nú meistaranám við Háskóla Íslands.

Nýbreytni í starfi

Sköpun

Nýjungar í skólastarfinu í vetur hafa verið til dæmis sköpun sem við köllum svo. Nemendur í 1. - 4. bekk hafa endað síðustu tvo tímuna á föstudögum í allskonar verkefnum. Það eru list- og verkgreinakennarar sem hafa stýrt vinnunni ásamt umsjónakennurum í 2.og 4.bekk. Nemendur vinna í ákveðnu þema í nokkrar vikur út frá eigin sköpunarhugmyndum. Þetta hefur eflt frumkvæði og skapandi hugsunarhátt ásamt því að efla hæfni þeirra. Sem dæmi um þemu eru eldur/ís, tækni og tilraunir og í lok skólaársins var endað á því að smíða alls kyns útileikföng, kofa og búin til margskonar spil svo eitthvað sé nefnt. Þá setti hópurinn upp leikritið Blái hnötturinn fyrir árshátíð skólans ásamt fjölbreyttum smáatriðum.

Vinnustaðaval

Í vetur höfum við í samstarfi við fyrirtæki í bænum staðið fyrir svokölluðu vinnustaðavali hjá nemendum í 8. - 10. bekk. Það hefur virkað þannig að nemendur hafa farið einn og einn á alla vinnustaði sem í boði voru og kynnst starfsemi fyrirtækjanna. Vinnustaðirnir sem um ræðir eru: Við erum forsvarsmönnum þeirra ákaflega þakklát og viljum þakka gott samstarf. Þá hefur verið ákveðið að vera með rúllandi plan í valinu á þriggja ára fresti. Þannig að allir vita hvaða val verður í boði hvaða ár.

Verkefnastjórn í upplýsingatækni

Gunnlaugur Smárason hefur starfað sem verkefnastjóri upplýsinga- og tæknimenntar. Hann hefur starfað samhliða kennurum að eflingu tæknihæfni nemenda. Forritun og nýting forrita hefur skipað stóran sess. Þetta er spennandi þróunarverkefni sem við höldum áfram með næsta vetur.

Áttahagafræði

Vinna við þóun áttahagafræði er komin vel á veg. Markmiðið er að gera áætlun fyrir alla bekki til að tengja þá nærsamfélaginu með áherslu á staði, sögu og persónur.

Nýtt námsmat

Í vetur hefur námsmatsteymið lokið vinnu við nýtt námsmat. Við höldum góðan kynningarfund með foreldrum í janúar. Hugmyndafræðin sem Aðalnámskrá grunnskóla leggur upp með er að meta nemendur út frá heildstæðu sjónarmiði. Hæfni nemendanna er metin með fjölbreyttu námsmati og gefur færi á að taka inn þætti sem áður var erfitt að taka til greina eins og t.d. umræðuhæfni nemenda og gagnrýna og skapandi hugsun. Þetta er þó nokkur breyting sem við fögnum en hefur krafist þess að allt skólasamfélagið líti námsmat og vitnisburðargjöf nýjum augum. Það liggur því fleira undir en að færa sig úr tölustafa-einkunnum yfir í bókstafaeinkunnir. Markmiðið í framtíðinni er að gera hæfniviðmiðin meira sýnileg.

Eineltisáætlanir

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti fyrir um ári síðan að stofna vinnuhóp sem hefði það verkefni að vinna að Eineltisáætlun fyrir stofnanir Stykkishólmsbæjar. Sú vinna hefur nú þegar farið fram og er áætlunin tilbúin. Ný eineltisátæln Grunnskólans er í brúðarliðnum og rímar við áætlun Stykkishólmsbæjar sem unnin var í vetur og munum við taka hana í gagnið á næsta skólaári.

Fylgiskjal 1

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2017 - 2018

Nafn skóla: Grunnskólinn í Stykkishólmi

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 S	1 Þ	1 F
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 F	2 F	2 M	2 M	2 M	2 L
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 S	3 S
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 M
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 F	19 L	19 Þ
20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 F
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 F	27 S	27 M
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 F
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 M	30 M	30 L
31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 F	31 L

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skuladagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Fylgiskjal 2

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: **Grunnskólinn í Stykkishólmi**

Skipulagsdagur
Svartir dagar
Uppbrotisdagur

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAI	JÚNÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L Fúlvéldisdagurinn	1 D Þýskudagur	1 F Dagur stærðfrænnar	1 F Árslokferiðagur	1 M	1 M Þekkingardagurinn	1 L
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F Sjónmáladagurinn	2 S
3 F	3 M Foreldrafundur	3 M	3 L	3 M	3 F Skipulagsdagur	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M Vortagur
4 L	4 Þ Foreldrafundur	4 F Dans	4 S	4 Þ	4 F	4 M 8. bekkur í vísu á Laugum	4 M Þorudagur	4 F	4 L	4 Þ Skipulagsdagur
5 S	5 M Foreldrafundur	5 F Dans	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M Skólasti
6 M Frídagur verslunarmanna	6 F Foreldrafundur	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þrettándin	6 M	6 M Óskudagur	6 L	6 M Skipulagsdagur	6 F Skipulagsdagur
7 Þ	7 F Foreldrafundur	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F Vortí	7 S	7 Þ	7 F Skipulagsdagur
8 M	8 L Dagur íslens	8 M	8 F Baráttudagur gegn einviti	8 L	8 Þ	8 F	8 F Vortí	8 M	8 M	8 L
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítanuddadagur
10 F	10 M	10 M	10 L	10 F	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítanuddu
11 L	11 Þ	11 F Dans	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ Skipulagsdagur
12 S	12 M	12 F Dans	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ Samræmi könnunarpróf 8. bekkur íslenska	12 F Þakkaðagur	12 S	12 M
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M Samræmi könnunarpróf 9. bekkur stærðfræði	13 L	13 M	13 F
14 Þ	14 F Haustiþing kvenna	14 S	14 M	14 F Útlagsþrot	14 M	14 F	14 F Samræmi könnunarpróf 9. bekkur enska	14 S Þámasunndagur	14 Þ	14 F
15 M Skipulagsdagur Einhverfundarkeðja í Gf	15 L	15 M Jahvótísvika hefst	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 F Endurmenntunadagur Uppeldi til aðyrþar	16 S	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F Endurmenntunadagur Uppeldi til aðyrþar	17 M Dans	17 M	17 L	17 M Útlagsþrot	17 F	17 S Krossdagur	17 S	17 F	17 F	17 M Ljósveidisdagurinn
18 L	18 Þ Dans	18 F	18 S	18 Þ Útlagsþrot	18 F Þórshádagur Haudstinn ljúkur	18 M	18 M	18 F Skíddagur	18 L	18 Þ
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M Litlu jó	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Þorludagurinn langi	19 S	19 M
20 M Skipulagsdagur	20 F Samræmi könnunarpróf 7. bekkur íslenska	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M Únnhverfsvika hefst	20 F
21 Þ Skipulagsdagur	21 F Samræmi könnunarpróf 7. bekkur stærðfræði	21 S	21 M	21 F	21 M Vortínn hefst	21 F	21 F	21 S Þakkaðagur	21 Þ	21 F
22 M Skipulagsdagur	22 L	22 M Haustiþí	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í þakum	22 M	22 L
23 F Skipulagsdagur	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorlaksmessa	23 M Skipulagsdagur	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S
24 F Skólasetning	24 M Dans	24 M	24 L	24 M Aftangadagur íða	24 F Hæmasta og hærstaþrot	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M
25 L	25 Þ Dans	25 F	25 S	25 Þ Útlagsdagur	25 F Þórshádagur	25 M	25 M	25 F Samræmi könnunarpróf 8. bekkur íslenska	25 L	25 Þ
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 M Uppbyggisráðgjafir	27 F Samræmi könnunarpróf 4. bekkur íslenska	27 L Þyrni vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F
28 Þ Uppbyggisráðgjafir	28 F Samræmi könnunarpróf 4. bekkur stærðfræði	28 S	28 M	28 F Fúlvéldisþrot	28 F	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 M Uppbyggisráðgjafir	29 L	29 M	29 F	29 F Fúlvéldisþrot	29 L	29 Þ	29 F	29 M	29 M Vortagur	29 L
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 F Fúlvéldisþrot	30 S	30 M	30 L	30 Þ	30 F Uppbyggisráðgjafir	30 S
31 F	6	19	22	22	31 M Gamli dagur	31 F	19	15	31 F Vortagur	20

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.